




AGS spáir mesta efnahagssamdrætti síðan í kreppunni miklu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) birti endurskoðaða efnahagsspá fyrir þetta og næsta ár í gær. Þetta er fyrsta spá sjóðsins eftir að Covid-19 faraldurinn braust út. Það helsta í spánni er að sjóðurinn gerir ráð fyrir 3% samdrætti í heimshagkerfinu sem yrði þá mesti samdrátturinn síðan í kreppunni miklu á 3. og 4. áratug síðustu aldar. Til samanburðar dróst heimshagvöxturinn saman um 0,1% í fjármálakreppunni 2009.

Í grunnsviðsmynd sjóðsins er gert ráð fyrir að efnahagsleg áhrif faraldursins verði tímabundin og að þau muni fjara út á seinni árhelmingi þessa árs. Á næsta ári snýst samdrátturinn svo í nokkuð kröftugan 5,8% hagvöxt samkvæmt spánni. Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að óvissan í spánni sé mun meiri nú en í venjulegu árferði og að mögulega kunni samdrátturinn á yfirstandandi ári að verða enn meiri. Því sé mikilvægt að efnahagsaðgerðir stjórnvalda verði skilvirkar til þess að draga úr líkum á meiri samdrætti. Þar sem efnahagsleg áhrif koma mishart niður á atvinnugreinum sé mikilvægt að stuðningsaðgerðir stjórnvalda og peningamálayfirvalda beinist að því að styðja við þau heimili og fyrirtæki sem verða hvað verst úti.


AGS spáir 7,2% samdrætti hér á landi á árinu
Sjóðurinn gerir ráð fyrir að samdrátturinn hér á landi verði 7,2% en að hagkerfið nái síðan vopnum sínum að hluta til aftur á næsta ári og hagvöxtur verði þá 6%. Til samanburðar dróst hagvöxtur hér á landi saman um 6,8% árið 2009 eða ögn minna en nú er spáð. Öfugt við spá sjóðsins nú hélt samdrátturinn árið 2009 áfram næsta ár eftir. Sjóðurinn gerir ekki ráð fyrir verðbólguþroti hér á landi og telur að verðbólga verði að meðaltali 2,3% á þessu ári og 2,5% á næsta ári. Sjóðurinn spáir jafnframt 2,1% viðskiptaafgangi við útlönd á yfirstandandi ári og 3,4% á næsta ári.



Heimild: AGS



Heimild: AGS



Heimild: AGS



Faraldurinn leggst þyngra á hagkerfi þróaðra ríkja

Sjóðurinn gerir ráð fyrir að áhrif faraldursins verði þyngrri í þróuðum ríkjum en nýmarkaðsríkjum og vanþróaðri löndum. Þannig gerir AGS ráð fyrir að samdrátturinn verð 6,1% í þróaðri ríkjum en 1% í nýmarkaðsríkjum og vanþróaðri ríkjum. Á næsta ári spáir sjóðurinn 4,5% hagvexti í þróuðum ríkjum og 6,6% hagvexti í nýmarkaðsríkjum og vanþróaðri ríkjum. Til samanburðar var efnahagssamdráttur í þróuðum ríkjum 3,3% í fjármálakreppunni 2009.


Stærstu viðskiptalönd Íslands verða fyrir þungu höggi

Helstu viðskiptalönd Íslands eru þróuð ríki. Hið efnahagslega þunga högg sem faraldurinn mun veita þeim mun án efa hafa bein áhrif á eftirspurn þessara landa eftir útflutningi Íslands. Veginn hagvöxtur í viðskiptalöndum Íslands verður neikvæður um 6,4% á þessu ári en verður síðan jákvæður um 4,7% á næsta ári.¹ Til samanburðar var síðasta spá AGS um hagvöxt frá því í október 1,9% á þessu ári og 1,8% á því næsta. Spáð er samdrætti í öllum viðskiptalöndum Íslands á þessu ári utan Kína en þar er gert ráð fyrir 1,2% hagvexti og 9,2% hagvexti á næsta ári. Mesti samdrátturinn í viðskiptalöndum Íslands verður á evrusvæðinu en þar er gert ráð fyrir 7,5% samdrætti á þessu ári.

Lægri verðbólga í viðskiptalöndunum


Sjóðurinn gerir ráð fyrir að mun minni eftirspurn vegna faraldursins skili sér í töluvert minni verðbólgu en áður var spáð. Sjóðurinn spáir 0,9% verðbólgu í viðskiptalöndum Íslands á þessu ári og 1,5% á næsta ári. Þetta er nokkuð minni verðbólga en AGS spáði í október síðastliðnum. Þá spáði sjóðurinn 1,8% verðbólgu á þessu ári og 1,9% á næsta ári. Á þessu ári spáir sjóðurinn að verðbólga verði 0,2% á evrusvæðinu en áður hafði sjóðurinn spáð 1,4% verðbólgu. Minni verðbólga í viðskiptalöndunum mun skila sér í minni verðbólgu hér á landi.

Spá um hagvöxt í helstu viðskiptalöndum Íslands



Heimild: AGS

Spá um verðbólgu í viðskiptalöndunum



Spáin er reiknuð út frá vægi landanna í utanríkisviðskiptum Íslands.
Heimild: AGS

¹ Hagvöxtur hvers viðskiptalands er veginn með hlutdeild þess í utanríkisviðskiptum gagnvart Íslandi.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.